



Alþingi
Erindi nr. P 138/2619
komudagur 1.6.2010

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10

Reykjavík, 28.05.2010
Tilvísun vor: 98.11

150 REYKJAVÍK

Efni: **Umsögn um tillögu til þingsályktunar um úttekt á virkjunarkostum fyrir álframleiðslu, þskj. 93 - 91. mál**

Að beiðni iðnaðarnefndar Alþingis er hér með látin í té neðangreind umsögn Landsvirkjunar um tillögu til þingsályktunar um úttekt á virkjunarkostum fyrir álframleiðslu, þskj. 93 - 91. mál, sem lögð hefur verið fyrir Alþingi.

Með samþykkt raforkulaga nr. 65/2003 var raforkumarkaður á Íslandi gefinn frjáls og aðilum á raforkumarkaði heimilt að kaupa og selja rafmagn að uppfylltum viðeigandi almennum skilyrðum, svo sem skilyrðum samkeppnislaga og samningum um tengingu aflstöðva við flutnings- og dreifikerfið. Að uppfylltum slíkum skilyrðum er framleiðendum rafmagns heimilt að gera samninga við hverja þá kaupendur rafmagns sem þeir kjósa.

Vissulega er áhugavert að láta gera yfirlit yfir þær virkjanir sem líklega verða byggðar til að anna megi raforkusölu til álverksmiðju í Helguvík og stækkunar álverksmiðjunnar í Straumsvík. Tilgangur slíkrar samantektar er þó nokkuð óljós á frjálsum raforkumarkaði, vegna þess m.a. að þörf fyrir nýjar virkjanir byggist á mati raforkusalans á því hvernig markaðshlutdeild hans verður á frjálsum raforkumarkaði þegar ný orkusala hefst. Það er á endanum mat orkusalans hve mikið hann telur að þurfi að bæta við raforkuvinnsluna til að annast nýjan viðskiptavin, þegar orkusalinn hefur metið þörfina með tilliti til annarrar þróunar á markaðshlutdeild sinni.

Sem dæmi má nefna að hvað varðar þá afhendingu, sem líklegt er að Landsvirkjun annist í fyrirnefndum sölusamningum, þá mun Landsvirkjun afhenda rafmagn eins og hægt er til nýrra kaupenda út úr núverandi aflstöðvum sínum að viðbættu því rafmagni sem hún kaupir af öðrum framleiðendum. Líklegt er að markshlutdeild Landsvirkjunar á markaði fyrir heildsölurafmagn breytist, hugsanlega til lækkunar, þar til afhending hefst til álversins í Straumsvík. Slík breyting á sölu fyrirtækisins inn á núverandi markað hefur áhrif á þörf Landsvirkjunar til að byggja nýjar virkjanir. Sú virkjun sem líklegast er að verði byggð fyrir orkusölu til álversins í Straumsvík, ef á þarf að halda, er Búðarhálsvirkjun. Auk þess kann að vera að aukin orkusala umfram þá sem ætluð er til álversins í Straumsvík, muni á tímabilinu kalla á enn frekari virkjunarframkvæmdir á vegum Landsvirkjunar.

Landsvirkjun gerir að öðru leyti ekki athugasemdir við tillöguna.

Virðingarfyllt

Hörður Arnarson
forstjóri